



Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. september 2016

Tilvísun ÞÍ: 2016091297/6.0

Tilvísun sendanda: 849. mál

Efni: Umsögn Þjóðskrár Íslands um frumvarp til laga um húsnæðismál

Vísað er til erindis Velferðarnefndar Alþingis þann 8. september sl. þar sem sent er til umsagnar Þjóðskrár Íslands um frumvarp til laga um húsnæðismál, 849. mál.

Í ákvæði frumvarpsins er lögð til ný grein, 6. gr. a, sem fjallar um hlutverk Íbúðalánasjóðs. Samkvæmt 11. tl. getur Íbúðalánasjóður kallað eftir gögnum og frekari vinnslu frá Hagstofu Íslands og Þjóðskrár Íslands vegna verkefna sinna skv. 1. mgr.

Í athugasemdum með ákvæðinu kemur fram að lagt sé til að sjóðurinn hafi heimild til þess að kalla eftir gögnum og frekari vinnslu gagna frá Hagstofu Íslands og Þjóðskrár Íslands vegna verkefna þeirra sem honum eru falin í 1. mgr. Mikilvægt sé að sjóðurinn hafi greiðan aðgang að þeim tölfræðiupplýsingum sem umræddar stofnanir safni og geti óskað eftir að þær vinni úr upplýsingunum ákveðin gögn sem sjóðnum eru nauðsynleg til þess að geta sinnt greiningar- og stefnumörkunarlutverki því sem honum er ætlað með frumvarpinu. Hagstofa Íslands annist nú þegar skýrslugerð um ýmsa þætti sem snúa að húsnæðismarkaðnum og safni því mestum þeim gögnum sem gert er ráð fyrir að sjóðurinn þurfi. Í athugasemdunum kemur jafnframt fram að gert sé ráð fyrir því að vinnsla og afhending gagnanna verði án sérstaks endurgjalds af hálfu Íbúðalánasjóðs.

Þjóðskrár Íslands gerir athugasemdir við það að gert sé ráð fyrir því að vinnsla gagnanna verði endurgjaldslaus. Íbúðalánasjóður getur þá gert kröfur um stöðugar vinnslur frá stofnuninni sem kallar á vinnu sérfræðinga stofnunarinnar.

Rétt þykir að geta þess að fjárframlag til Þjóðskrár Íslands samkvæmt fjárlögum ríkisins nemur aðeins um 16% af rekstrarkostnaði stofnunarinnar sem er rekin að mestu leyti á eigin tekjum. Íbúðalánasjóður hefur á undanförunum árum greitt fyrir ýmis gögn og sérlausnir og nema tekjur Þjóðskrár Íslands vegna þess allt að 30 milljónum króna. Þar af leiðandi mun það hafa veruleg áhrif á rekstrarstöðu stofnunarinnar ef gert er ráð fyrir því að öll gögn og vinnsla eigi að vera endurgjaldslaus og fjárframlag ríkisins verður ekki hækkað á móti.


Einnig vill stofnunin í þessu sambandi benda á jafnræðissjónarmið í þessu sambandi. Setja má spurningamerki við það að að einn aðili fái gjaldfrjálsan aðgang að

upplýsingum tengdum húsnæðismarkaði og lánveitingum en ekki aðrir aðilar á samkeppnismarkaði.

Að mati stofnunarinnar er jafnframt nokkuð óljóst hvers konar söfnun, úrvinnslu og útgáfu upplýsinga átt sé við í 3. tl. 6. gr. frumvarpsins.

Að öðru leyti gerir stofnunin ekki frekari athugasemdir við frumvarpið en óskar eftir því að koma að athugasemdum á síðari stigum gerist þess þörf.

F.h. Þjóðskrár Íslands



Björg Finnbogadóttir
Lögfræðingur